

Fundargerð stjórnarfundar LAFÍ 09.04.2019

Staður: Ísmar, Síðumúla 28

Mættir: Jón Sigurjónsson (JS), Þórður Ólafur Búason (ÞÓB), Kristján Ottósson (KO), Þórir Guðmundsson (ÞG), Högni Hróarsson (HH)

Forföll: Hreggviður Á. Sigurðsson (HÁS), Sigurður G. Símonarson (SGS), Ragnheiður Þórarinsdóttir (RÞ).

Dagskrá:

1. JS setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
3. Fréttabréf nr. 135 er komið út og hefur verið sent félagsmönnum. Fréttabréf nr. 136 er í vinnslu.
4. Viðurkenningarnefnd er með nokkur hús til skoðunar.
5. JS og KO taka að sér undirbúning aðalfundar og tilnefningar í stjórn. Stefnt er að aðalfundi í byrjun maí.
6. Hitatækni hefur sent LAFÍ fyrirspurn um mögulega aðkomu félagsins að erindi til Mannvirkjastofnunar um breytingu á byggingarreglugerð. Erindið snýr að því að leyfa notkun á hitaþolnu plasti í lagnir innan brunahólfa. ÞÓB tekur að sér að setja saman bréf til að svara fyrirspurn Hitatækni.
7. Rætt um efni í næsta og næstu fréttabréf. Nokkrar góðar tillögur komu fram fyrir KO að vinna úr.

Fundi slitið 17:30. Fundarritari var HH